2

Hann stóð hjá Urðarkletti og sá refaskyttuna nálgast hægum skrefum. Þeir heilsuðust kurteislega í súldinni. Orð þeirra rufu kyrrðina eins og þau kæmu úr annarlegum heimi.

Það hafði ekki sést til sólar í nokkra daga. Þoka lá yfir fjörðunum og spáð var kólnandi og snjókomu á næstu dögum. Náttúran var lögst í vetrardvala. Refaskyttan spurði hvað hann væri að gera þarna á heiðinni þar sem enginn færi um lengur nema gamlir skarfar að fækka í refastofninum. Hann reyndi að eyða því, sagðist koma að sunnan. Skyttan kvaðst hafa séð til mannaferða hjá eyðibýlinu niðri í firðinum. Það er líklega ég, sagði hann. Refaskyttan spurði ekki nánar út í það, sagðist vera bóndi þarna í grenndinni, einn á ferð.

– Hvað heitir þú?

– Erlendur, svaraði hann.

– Ég heiti Bóas, sagði maðurinn og þeir tókust í hendur. Það er dýrbítur hérna í gjótunum ofar á heiðinni, vargur sem hefur verið að færa sig upp á skaftið.

– Tófa?

Bóas strauk sér um kjálkann.

– Ég sá hana vappa í kringum fjárhúsin um daginn, svo drap hún lamb fyrir mér og kom slæmum skrekk í hópinn.

– Er hún á þessum slóðum?

– Ég sá til hennar hendast hingað upp eftir. Ég hef séð hana tvisvar sinnum og held að ég viti hvar hún liggur. Ert þú á leið upp á heiðina? Þér er velkomið að slást í för með mér ef þú vilt.

Hann hikaði, kinkaði svo kolli. Bóndinn virtist ánægður með það, líklega feginn félagsskapnum. Hann bar veiðiriffil á annarri öxlinni og skotfæri á hinni ásamt slitinni leðurtösku, klæddur

í snjáða, dökkgræna úlpu og regnbuxur í sama lit, smávaxinn og kvikur í hreyfingum. Hann var kominn vel á sjötugsaldur, berhöfðaður með mikinn hárflóka sem náði fram yfir ennið og slóst fyrir vökul augun. Nefið var skakkt og flatt eins og það hefði brotnað fyrir löngu og ekki fengið rétta meðferð. Hann var með illa hirt skegg svo ekki sá í munninn nema þegar hann talaði, sem var oft því að hann var ræðinn og hafði skoðanir á öllu milli himins og jarðar. Þó gætti hann þess að spyrja Erlend ekki mikið um ferðir hans og hvers vegna hann hefði kosið eyðibýlið Bakkasel sem dvalarstað sinn.

Erlendur hafði komið sér fyrir í gamla húsinu. Þakið var enn nokkuð heillegt þótt það væri gisið og sperrur morknar. Hann fann þurran blett á gólfinu þar sem stofan hafði verið. Það byrjaði að rigna og það hvessti og vindurinn gnauðaði við bera veggina. Þeir veittu gott skjól fyrir hráslaganum og hann fékk sæmilega hlýju af gaslukt sem hann hafði meðferðis og stillti af mikilli hófsemi þannig að gasið entist sem lengst. Luktin varpaði á hann fölri rökkurbirtu en allt um kring var myrkt eins og í kistu.

Einhver banki hafði með tímanum eignast bæði húsið og landið og Erlendur hafði ekki hugmynd um hver átti það núna. Enginn hafði fundið að því þótt hann dveldi á eyðibýlinu þegar hann ferðaðist austur. Hann var ekki með mikinn farangur. Bílaleigubíllinn stóð framan við húsið, blár jepplingur sem átti í nokkrum erfiðleikum með að komast upp að húsinu. Vegarslóðinn var því sem næst horfinn, villtur gróður sprottinn upp þar sem enginn var áður. Merki þess að maðurinn hefði einu sinni tekið sér þarna bólfestu voru smám saman að hverfa. Hann hugsaði með sér að náttúran ynni með hægð að því að koma staðnum í samt horf.

Þeir gengu lengra upp á heiðina. Skyggnið varð sífellt verra og loks umlukti mjólkurhvít þokan þá á alla vegu. Léttur rigningarúði lagðist yfir heiðalöndin og þeir skildu eftir sig slóða á regnvotri jörðinni. Skyttan hlustaði eftir hljóðum fugla og reyndi að

finna spor í votanum eftir óvin sinn. Erlendur elti þögull. Hann hafði ekki legið á greni, aldrei veitt dýr, ekki stundað veiðiskap í ám eða vötnum, hvað þá fellt stærri bráð eins og hreindýr. Það var líkt og Bóas læsi hugsanir hans.

– Þú ert kannski enginn veiðimaður? sagði hann þegar hann gerði stutt hlé á göngunni.

– Nei, það er ég ekki.

– Það er ekkert að marka mig, ég ólst upp við þetta, sagði Bóas og opnaði leðurtöskuna sína. Hann tók upp úr henni rúgbrauð og rétti Erlendi og bita af harðri kindakæfu sem hann skar og gaf honum. Það er helst að maður eltist við tófuna núorðið, sagði hann. Til þess að halda henni í skefjum. Hún veldur manni sífellt meira ónæði, blessunin. Ef svo má að orði komast. Ég hef ekkert á móti henni. Hún á jafnan rétt á að lifa og hvert annað jarðardýr. En það þarf að halda henni frá kvikfénaðinum. Allt þarf þetta að harmónera.

Þeir borðuðu rúgbrauðið og kæfuna sem hann ímyndaði sér að Bóas byggi til sjálfur. Hún var ljúffeng með brauðinu. Hann var sjálfur ekki með nesti með sér. Hann vissi ekki hvers vegna hann þáði þetta óvænta en kurteislega boð um að fylgja refaskyttunni. Kannski var það þörf hans fyrir félagsskap. Hann hafði ekki verið í sambandi við nokkurn mann svo að dögum skipti og datt í hug að sömu sögu væri að segja um Bóas þennan.

– Hvað gerir þú fyrir sunnan? spurði bóndinn.

Hann svaraði ekki í fyrstu.

– Helvítis forvitnin í mér alltaf, sagði Bóas.

– Nei, það er allt í lagi, sagði hann. Ég er í lögreglunni.

– Það getur ekki verið skemmtilegt.

– Nei. Stundum.

Þeir héldu áfram lengra upp á heiðina og hann gætti þess að stíga varlega á lyngið. Við og við beygði hann sig niður og strauk hendi yfir jarðargróðurinn og reyndi að rifja upp hvort hann hefði

einhvern tíma heyrt nafnið Bóas í æsku. Það kom ekkert upp í hugann. Annars var ekkert að marka þótt hann myndi ekki eftir mannanöfnum, svo stutt sem hann hafði átt heima á þessum stað. Byssur voru sjaldséðar á hans heimili. Hann mundi óglöggt eftir manni sem kom einu sinni til foreldra hans og hélt á riffli og benti út með ánni og talaði eitthvað við föður hans. Og hann mundi eftir móðurbróður sínum sem átti jeppa og veiddi hreindýr. Hann lóðsaði veiðimenn úr borginni upp á hreindýrasvæðin og útvegaði fjölskyldunni hreindýrakjöt sem var mikið góðgæti steikt á pönnu. Hann mundi ekki eftir refaveiðum sérstaklega og ekki eftir bónda sem hét Bóas en hann hafði líka flutt burt ungur og misst tengslin við staðinn.

– Maður finnur ótrúlegustu hluti í tófugreni, sagði Bóas og hægði hvergi gönguna. Yfirleitt hafa þær nóg að éta. Þær þvælast niður í fjöru og hirða sjórekinn svartfugl, skeldýr og krabbadýr, og yrðlingarnir hafa kækiberin meðan þeir eru að vaxa, og einstaka hagamús. Ef heppnin er með tófunni finnur hún kannski hræ af kind eða lambi. En svo eru dýrbítar inn á milli sem komast á bragðið og þá er friðurinn úti. Þá þarf Bóas að finna ræfilinn og drepa þótt hann hafi ekkert gaman af því.

Hann vissi ekki hvort bóndinn var að hugsa upphátt og ákvað að þegja. Þeir fóru yfir gljúpar lyngbreiður og hann gekk í spor skyttunnar og naut þess að finna svalan úðann í andlitinu. Hann þekkti heiðina vel en hafði sett allt sitt traust á skyttuna og var ekki lengur viss um hvar nákvæmlega þeir voru staddir. Bóndinn hélt ótrauður áfram, öruggur og áhyggjulaus í fasi og masaði talsvert án þess að hirða um hvort nýi ferðafélaginn hans væri með á nótunum eða ekki.

– Það hefur líka ýmislegt breyst vegna framkvæmdanna, sagði hann og nam staðar og tók sjónauka upp úr leðurtöskunni. Náttúran hefur breyst. Rebbi er kannski að átta sig á því. Kannski þorir hann ekki lengur í fjörurnar út af verksmiðjum og

skipaflutningum. Hvað veit maður um það? Við ættum að fara að nálgast, bætti hann við og setti sjónaukann aftur í töskuna.

– Ég sá álverksmiðjuna sem er að rísa þegar ég ók hingað að sunnan, sagði Erlendur.

– Þann óskapnað! sagði Bóas.

– Ég fór líka og skoðaði stíflugerðina. Ég hef aldrei séð önnur eins mannvirki.

Hann heyrði Bóas muldra eitthvað geðvonskulega í barm sér um leið og hann gekk áfram upp heiðina. Að þeir skyldu láta þetta gerast, heyrðist honum hann segja en var ekki viss. Hann elti og hugsaði um undirstöðurnar fyrir risavaxið álverið á Reyðarfirði og ógnarleg flutningaskipin sem lögðu að bryggju með efni í verksmiðjuna og stíflugerðina. Hann skildi ekki hvernig í ósköpunum fjarlægt og skeytingarlaust ameríska auðvald hafði fengið að leggja undir sig friðsælan íslenskan fjörð og ósnortin íslensk öræfi og gera að sínum.